

RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN Efnahagsbrotadeild	SKÝRSLA YFIRHEYRSLA SAKBORNINGUR	R L S
Skýrslu gerir <b>Sveinn I. Magnússon, löggreglufulltrúi</b>	Mál nr. <b>006-2002-0086</b>	
Staður og stund: <b>Reykjavík – Fimmtudaginn 3. apríl 2003, kl. 09:40.</b>		
Sakarefni: <b>Auðgunarbrot, brot á lögum um bókhald, brot á lögum um hlutafélög</b>		
Sakborningur: <b>Guðfinna Bjarnadóttir</b>	Kennitala: <b>271057-4669</b>	
Starf/staða: <b>Rektor Háskólans í Reykjavík</b>	Vinnusími: <b>510 6200</b>	
Löghemili: <b>Sjávargata 33, 225 Bessastaðahreppur</b>	Sími: <b>565 9907 / 820 6230</b>	
Dvalarstaður:	Sími:	

Guðfinna er mætt til yfirheyrsu samkvæmt boðun. Henni er kynnt að verið sé að rannsaka þau atriði sem snúa að ætluðum ólögmætum lánveitingum af hálfu stjórnenda Baugs hf. Bæði er um að ræða almennar lánveitingar til stjórnenda félagsins og lánveitingar til hlutafjárkaupa í féluginu.

Fyrir liggur að Guðfinna var aðalmaður í stjórn Baugs hf. frá 07.07.1998 til 04.05.1999. Þá var hún varamaður í stjórn Baugs hf frá 04.05.1999 til 26.04.2000. Frá 26.04.2000 til mars 2003 hafi hún verið aðalmaður í stjórn Baugs hf. Gögn frá Hlutafelagaskrá eru fyrir hendi. Guðfinnu er kynnt að bornar verða undir hana lánveitingar til stjórnenda félagsins á því tímabili sem hún var stjórnarmaður í Baugi hf.

Rannsóknin beinist að því að upplýsa hvort framin hafi verið umboðssvik skv. 249. gr. almennra hegningarlaga og/eða brot á 104. gr. laga um hlutafélög nr. 2, 1995.

Rannsóknin beinist einnig að því að upplýsa hvort framin hafi verið brot á 36. og 43. gr. laga um ársreikninga nr. 144, 1994, svo og ákvæði reglugerðar nr. 696 frá 1996 um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga.

Guðfinnu er kynnt að henni sé ekki skyld að svara spurningum um sakarefnið en fyrir henni brýnt að skýra satt og rétt frá og draga ekkert undan sem máli kanna að skipta. Þá er Guðfinnu kynntur réttur hennar sem sakbornings að fá skipaðan verjanda vegna málsins.

Guðfinna kveðst skilja þessi réttarfarsákvæði og kveðst óska eftir því að Þórður S. Gunnarsson, hrl. verði hennar talsmaður á þessu stigi málsins.

Guðfinna er beðin að gera grein fyrir stjórnarsetu sinni og þátttöku í stjórnarfundum og stjórnarákvörðunum.

Guðfinna segir að stjórn Baugs hf hafi fundað reglulega og hafi mæting verið góð. Fundirnir hafi verið í föstu formi og gengið vel fyrir sig. Þannig kveðst Guðfinna hafa tekið þátt í stjórnarákvörðunum eins og aðrir stjórnarmenn. Hún segir að stjórnarformaður hafi boðað til funda og hafi stjórnarformaðurinn og forstjóri skipulagt stjórnarfundina og dagskrá fundanna.

J. Mag

Or 267

**Almennt um lánveitingar til starfsmanna, framkvæmdastjóra og stjórnenda Baugs og undirfyrirtækja:**

Guðfinna er spurð hvort henni hafi verið kunnugt um að framkvæmdastjórum, stjórnendum og hluthöfum í Baugi hf hafi verið veitt lán frá Baugi hf. sem færð voru á viðskiptareikninga lántakendanna og mótfærslur bókaðar á lyklana “lán til framkvæmdastjóra” og “eigendur og stjórnendur-safn”.

Guðfinna segir að henni hafi ekki verið kunnugt um þessar lánveitingar, né færslumáta þeirra lánveitinga í bókhaldi Baugs hf.

**Lánveitingar bókaðar á #67910 “lán til framkvæmdastjóra”:**

Guðfinnu er kynnt að við húsleit löggreglunnar í Baugi hafi bókhaldskerfi félagsins verið afritað. Skv. stöðu bókhaldsins þann 28. ágúst 2002 þegar afritunin var gerð voru 16 starfsmenn Baugs og undirfyrirtækja í skuld á reikningnum “lán til framkvæmdastjóra” samtals að fjárhæð kr. 33.216.798. Guðfinnu er kynnt samantekt endurskoðenda RLS varðandi hreyfingar á viðskipta- og lánadrottareikningum hluthafa og stjórnenda Baugs hf frá 1998 til 28. ágúst 2002.

Eins og fram kemur í skýrslu endurskoðendanna er um að ræða tvenns konar lánveitingar, almenn lán og lán til hlutabréfakaupa. Ljóst er að lán til hlutabréfakaupa hafa verið endurgreitt að mestu en samtals hefur framkvæmdastjórum Baugs og undirfyrirtækja verið lánað frá árinu 1998 til 28. ágúst 2002 kr. 42.963.968.

Ljóst er að fjárhæðirnar hafa staðið óbreyttar og vaxtalusað inni á þessum reikningi frá upphafi lánveitinganna.

Guðfinna er spurð hvort lánveitingar þessar hafi verið gerðar með samþykki stjórnar Baugs hf.

Guðfinna segir svo ekki vera. Þessar lánveitingar hafi ekki verið bornar undir stjórn Baugs hf á þeim tíma þegar þær voru veittar.

Guðfinna er þá spurð hvort henni eða stjórn félagsins hafi verið kunnugt um þessar lánveitingar.

Guðfinna segir svo ekki vera.

Guðfinna er spurð hvort hún viti hver hafi tekið ákvarðanir um lánveitingar þessar sem færðar hafa verið á viðskiptareikninga lántakendanna og mótfærðar á bókhaldslykil #67910 “lán til framkvæmdastjóra”.

Guðfinna kveðst ekki vita það, hún kveðst aldrei hafa séð neitt um þessar lánveitingar fyrr og ekkert vita um þessi mál.

Guðfinna er spurð hvort stjórn Baugs hafi fjallað um lánveitingar til hluthafa, stjórnarmanna eða framkvæmdastjóra sem hugsanleg brot á ákvæðum 104. gr. laga um hlutafélög.

Guðfinna tekur það fram að Stefán Hilmarsson, endurskoðandi Baugs hf hafi unnið skýrslu fyrir stjórn Baug hf í maí 2002. Í þeiri skýrslu hafi komið fram að það væru einhverjur þættir sem þyrfti að laga og kveðst Guðfinna ekki muna betur en að í skýrslunni segði að búið væri að leiðréttu það allt.

Guðfinna segir að á þeim stjórnarfundi Baugs hf sem fjallað hafi um skýrslu Stefáns hafi stjórnarmenn spurt endurskoðandann að því hvað þyrfti að gera til að færa þetta til betri vegar og kveðst hún ekki muna

*S. M. og*

*G. H.*  
07288

betur en að þau hafi fengið þau svör að búið væri að leiðréttu það sem aflaga hafi farið og engar frekari ráðstafanir þyrfti til.

Guðfinna er spurð hvort hún telji fyrir sitt leyti eða stjórn Baugs telji að stjórnendur Baugs sem ákvarðanir tóku um þessar lánveitingar hafi haft til þess heimildir.

Guðfinna segir svo ekki vera, þeir sem hafi tekið þessar ákvarðanir hafi örugglega ekki haft til þess heimild frá stjórn Baugs hf.

Guðfinna er kynnt að ekki sé greint frá þessum lánveitingum í ársreikningum félagsins og spurð hvort hún kunni einhverja skýringu á því.

Guðfinna kveðst ekki kunna neina skýringu á því.

Frammi liggur bréf Stefáns Hilmarssonar, ytri endurskoðanda Baugs hf., dags. 18. desember 2000 til Tryggva Jónssonar, aðstoðarforstjóra Baugs hf.:

*“Endurskoðun á rekstrarkostnaði aðalskrifstofu Baugs vegna ársins 2000.”*

Í kafla 4 um “Lán til starfsmanna” á bls. 4 kemur eftirfarandi fram:

“Samkvæmt bókhaldslyklinum 67910 – lán til framkvæmdastjóra – hefur félagið lánað nokkrum starfsmönnum sínum samtals um 13,0 millj. kr. Fylgiskjöl sem liggja til grundvallar færslunum eru annað hvort í formi tölvupósts eða handskrifaðra blaða. Í sumum tilfellum liggur ekki fyrir hver hefur samþykkt lánveitinguna. Í engu tilvikanna kemur fram hvenær starfsmaðurinn eigi að endurgreiða lánið eða hvort honum beri að greiða vexti af láninu. Jafnframt eru dæmi um að lánin séu umfram útborguð laun starfsmannsins á uppsagnarfrestinum. Æskilegt væri að félagið setti reglur um framangreint.”

Einnig liggur frammi greinargerð endurskoðanda Baugs, Stefáns Hilmarssonar dags. 17. maí 2002 en hún mun hafa verið kynnt stjórn á stjórnarfundi þann 23. maí 2002. Í kafla 2 í greinargerðinni fjallar endurskoðandinn um kröfur á starfsmenn og bendir á að þann 31.12.2001 séu þær samtals kr. 37.367.000. Jafnframt tekur hann fram að kröfurnar hafi ekki verið vaxtareiknaðar og endurgreiðslutími liggi ekki fyrir.

Athugun á bókhaldi Baugs hf. sýnir að engin breyting hefur orðið á frágangi þessara lánveitinga þrátt fyrir athugasemdir endurskoðandans. Svo virðist sem staða þessara mála hafi verið óbreytt þann 28. ágúst 2002 þegar gerð var húslit á starfsstöð Baugs og bókhaldskefi félagsins afritað.

Guðfinna er spurð hvort hún hafi séð þessi tvö bréf Stefáns Hilmarssonar, endurskoðanda Baugs hf, þ.e. frá 18.12.2000 og 17.05.2002.

Guðfinna kveðst aldrei áður hafa séð bréf Stefáns frá 18.12.2000 sem stílað er á Tryggva Jónsson. Varðandi greinargerð Stefáns frá 17.05.2002 þá segir hún að sú greinargerð hafi legið fyrir á stjórnarfundi Baugs hf í maí 2000. Hún segir að greinargerðinni hafi ekki verið dreift til stjórnarmanna, heldur hafi eintak af greinargerðinni legið fyrir á fundinum, auk þess sem Stefán Hilmarsson hafi kynnt innihald greinargerðarinnar.

Guðfinna segir að á þessum stjórnarfundi hafi verið rætt um að færa innri endurskoðun Baugs hf beint undir stjórnina og segir hún fundargerð stjórnar varðandi þennan fund lýsa því hvernig fjallað var um þetta mál. Stefán hafi komið á fundinn og fjallað um efni greinagerðarinnar.

Guðfinna er spurð hvort stjórn félagsins hafi brugðist við þeim athugasemdur sem koma þarna fram í þessum bréfum og þá hvaða ráðstafanir hafi verið gerðar.

J. M. og

07/06/09

Guðfinna segir stjórnina hafa gefið stjórnendum félagsins skýr fyrirmæli um það að leiðréttá þessar lánveitingar og reyndar segir hún að stjórnin hafi verið fullvissuð um það að búið væri að ganga frá heildaruppgjöri á þessum lánveitingum.

**Lánveitingar á safnlyklinum #74310 “eigendur og stjórnendur - safn”:**

Guðfinnu er kynnt samantekt endurskoðenda RLS um færslur á viðskiptareikninga sem koma fram á fyrrgreindum safnlykli í bókhaldi Baugs. Þann 28. ágúst 2002 skulduðu 7 eigendur og stjórnendur Baugs féluginu samtals á þessum reikningslykli kr. 95.478.023. Guðfinnu er kynnt samantekt um þessa stöðu í skýrslu endurskoðenda RLS.

Guðfinna er spurð hvort henni hafi verið kunnugt um þessar lánveitingar og/eða þessa stöðu í bókhaldi Baugs hf.

Guðfinna segir að henni hafi ekki verið kunnugt um þessar lánveitingar. Hún tekur það fram að stjórnin hafi ekki verið neitt í bókhaldi félagsins og því eðli málsins samkvæmt ekki vitað af þessum færslumáta.

Guðfinna er spurð hvort þessar lánveitingar hafi verið með vitund og samþykki stjórnarinnar eða hvort stjórn Baugs hafi á einhvern hátt fjallað um þessar lánveitingar.

Guðfinna segir þessar lánveitingar ekki hafa verið gerðar með vitund eða samþykki stjórnarinnar. Þá hafi ekki verið fjallað um þær á neinn hátt, enda segir hún ekki hafa gefist neitt tilefni til þess, fyrr en á stjórnarfundinum þegar Stefán Hilmarsson gerði grein fyrir greinargerðinni sem dagsett er þann 17.05.2002 og komið hefur fram.

Guðfinna er spurð hvort endurskoðandi Baugs hafi, í fyrrgreindri greinargerð eða á annan hátt, gert stjórn grein fyrir lánveitingum til eigenda og stjórnenda sem koma fram á bókhaldslykli #74310.

Guðfinna segir að ekki hafa verið fjallað um þetta þannig að lárin væru skilgreind niður á bókhaldslykla, né sundurliðað hve mikið hver og einn hafði þegið í lánveitingar.

Guðfinna er spurð hvort stjórnendur Baugs hafi haft heimild til að lána sjálfum sér eða öðrum stjórnendum/eigendum með þeim hætti sem gert hefur verið.

Guðfinna segir svo ekki vera, þeir hafi ekki haft heimild stjórnar Baugs hf til þessara lánveitinga.

Guðfinnu er kynnt að skv. 8. mgr. 104. gr. laga um hlutafélög skal geta sérhvers láns, framlags og tryggingar skv. þeirri grein í gerðabók stjórnar félagsstjórnar. Hún er spurð hvort það hafi verið gert.

Guðfinna segir þessi lánamál aldrei hafa komið inn á borð stjórnar fyrr en á fundinum með Stefáni Hilmarssyni í maí 2002. Þar af leiðandi hafi hvorki verið fjallað um þau né skráð neitt um þau í gerðabók félagsins.

**Lánveitingar til einstakra eigenda og stjórnenda sem fram koma á #74310:**

**Óskar Magnússon, starfandi stjórnarformaður:**

07270

Lánveiting til Óskars Magnússonar að fjárhæð kr. 4.000.000 vegna kaupa á bifreiðinni ZY-617, sem fært var á viðskiptareikning hans 31.12.1999. Lánið var afskrifað við með starfslokasamningi við Óskar dags. 31.12.2000.

Guðfinna er spurð hvort hún hafi vitað af þessari lánveitingu eða hvort þessi lánveiting hafi verið gerð með vitund og/eða heimild stjórnar Baugs.

Guðfinna segir að henni og eflaust stjórn Baugs hf hafi verið ókunnugt um þetta lán og kveðst ekki vita til þess að stjórnin hafi veitt til þess heimild.

**Jóhannes Jónsson, stjórnarmaður:**

Lánveiting til Jóhannesar að fjárhæð kr. 17.039.530 þann 13.02. 2001 til hlutabréfakaupa í Baugi, sbr. færsla á viðskiptareikning Jóhannesar. Lánveitingin var gerð upp með víxli sem færður var í bókhaldi Baugs þann 5. september 2002 með dagsetningunni 20. maí 2002.

Guðfinna er spurð hvort hún hafi vitað af þessari lánveitingu eða hvort þessi lánveiting hafi verið gerð með vitund og/eða heimild stjórnar Baugs.

Guðfinna kveðst ekkert vita um þetta og vísar í fyrra svar sitt.

**Kristín Jóhannesdóttir, stjórnarmaður:**

Lánveiting til Kristínar að fjárhæð kr. 3.786.727 þann 13.02. 2001 til hlutabréfakaupa í Baugi, sbr. færsla á viðskiptareikning Kristínar. Lánveitingin var gerð upp með víxli sem færður var í bókhaldi Baugs þann 5. september 2002 með dagsetningunni 20. maí 2002.

Guðfina er spurð hvort hún hafi vitað af þessari lánveitingu eða hvort þessi lánveiting hafi verið gerð með vitund og/eða heimild stjórnar Baugs.

Guðfinna kveðst ekkert hafa vitað um þetta og vísar í fyrra svar sitt varðandi þessar lánveitingar.

**Jón Björnsson, framkvæmdastjóri Hagkaupa frá 1998 til des. 2000  
framkvæmdastjóri Baugs-Island frá des. 2000:**

Lánveiting til Jóns Björnssonar vegna kaupa hans á bifreiðinni UX-970 en skv. bókhaldi Baugs var bókfært verð bifreiðarinnar kr. 3.712.273. Baugur virðist hafa selt Jóni bifreiðina á kr. 2.700.000 sem Jón greiddi með greiðslu skuldar Baugs við Heklu að fjárhæð kr. 1.430.000 og láni að fjárhæð kr. 1.270.000.

Einnig lánveiting til Jóns Björnssonar dags. 10.06. 1999 að fjárhæð kr. 5.100.000. Greiðslan var bókuð á viðskiptareikning Jóns Ásgeirs Jóhannessonar, forstjóra en þegar farið var ofan í þann viðskiptareikning kom í ljós misbókun sem var leiðrétt og færð á Jón Björnsson.

Loks er lánveiting til Jóns Björnssonar að fjárhæð kr. 3.000.000 sem bókuð var á "lán til framkvæmdastjóra".

Guðfinna er spurð hvort hún hafi vitað af þessari lánveitingu eða hvort þessi lánveiting hafi verið gerð með vitund og/eða heimild stjórnar Baugs.

Guðfinna vísar í fyrra svör sín varðandi þessar lánveitingar, hún viti ekkert um þessar lánveitingar.

S. M. og

Ch  
07271

**Jón Scheving Thorsteinsson, framkvæmdastjóri Baugs-ID:**

Lánveitingar sem bókaðar eru á bókhaldslykilinn #74310 "eigendur og stjórnendur" en staðan á þeim lykli var kr. 332.590 þann 28.08. 2002 þegar starfsmenn efnahagsbrotadeildar RLS tóku afrit af bókhaldskerfi Baugs Group hf. í húslit á starfsstöð fyrirtækisins.

Einnig er lánveiting að fjárhæð kr. 6.800.000 sem bókuð var á #67910 "lán til framkvæmdastjóra" dags. 9. júlí 2001.

Guðfinna er spurð hvort hún hafi vitað af þessari lánveitingu eða hvort þessi lánveiting hafi verið gerð með vitund og/eða heimild stjórnar Baugs.

Guðfinna vísar í fyrri svör sín varðandi þessar lánveitingar, hún viti ekkert um þessar lánveitngar.

**Jón Ásgeir Jóhannesson, forstjóri Baugs Group hf. 07.07. 1998 til 03.06. 2002  
starfandi stjórnarformaður frá 03.06. 2002 -**

Frammi liggar hreyfingalisti og fylgiskjöl á bak við færslur á viðskiptareikningi Jóns Ásgeirs Jóhannessonar.

Staða reikningsins er eftirsarandi:

31.12. 1998	221.298
31.12. 1999	7.048.346
31.12. 2000	19.537.582
28.02. 2002	67.218.559
28.08. 2002	72.914.730

Ætluðum ólögmætum lánveitingum til Jóns Ásgeirs, sem bókaðar eru á viðskiptareikning hans, hefur verið skipt í fjóra megin flokka:

- |                                     |                       |
|-------------------------------------|-----------------------|
| 1. Endurgreiddir reikningar         | kr. 9.044.743         |
| 2. Greiddir greiðslukortareikningar | kr. 29.103.513        |
| 3. Beinar lánveitingar              | kr. 14.800.000        |
| 4. Lánveiting vegna hlutabréfakaupa | kr. 17.039.530        |
| Samtals:                            | <u>kr. 69.987.786</u> |

Fyrir liggja sundurliðaðir listar sem fylgja skýrslu endurskoðenda RLS á bak við hvern lið fyrir sig.

Guðfinna er spurð hvort hún hafi vitað af þessari lánveitingu eða hvort þessi lánveiting hafi verið gerð með vitund og/eða heimild stjórnar Baugs.

Guðfinna vísar í fyrri svör sín varðandi þessar lánveitingar, hún viti ekkert um þessar lánveitngar.

Fyrir liggur að skuld Jóns Ásgeirs Jóhannessonar skv. viðskiptareikningi hans dags. 28. ágúst 2002, þegar húslit var gerð á starfsstöð Baugs og bókhaldskerfið afritað, var kr. 72.914.730,17. Vísað er í kafla 2.1 í

J. Þ. M. og

greinargerð endurskoðenda RLS varðandi nánari sundurliðun á þessari fjárhæð. Lánveitingin var gerð upp með víxli sem færður var í bókhaldi Baugs þann 5. september 2002 með dagsetningunni 20. maí 2002. Guðfinna er spurð hvort hún hafi haft vitneskju um það.

Guðfinna kveðst ekki hafa haft neina vitneskju um þennan víxil.

Guðfinna er spurð hvort erindi stjórnarformanns til endurskoðanda félagsins dags. 29. janúar 2002 hafi falið í sér að hann hefði átt að gera stjórn grein fyrir lánveitingum sem koma fram á #74310 "eigendur og stjórnendur – safn".

Guðfinna segir að það hafi verið mörg mál sem endurskoðandanum hafi verið falið að skoða. Skoða átti alla stöðu bókhalds Baugs hf og ef bókhaldið stæði ekki eins og lög gera ráð fyrir, átti endurskoðandinn að gera grein fyrir því. Hún segir erindið til endurskoðandans hafa verið það opið að þessar lánveitingar hafi því átt að falla undir það sem óskað var eftir því að tilgangurinn með þessu erindi var að kanna alla þætti bókhaldsins og ganga úr skugga um það að allt væri rétt gert.

Þessu til stuðnings vísar Guðfinna til bréfs Hreins Loftssonar til Jóns Ásgeirs þann 29.02.2002, en í bréfinu segir meðal annars að kanna eigi viðskipti Baugs hf við tengd félög og eignarlegum tengslum Baugs hf við birgja, innlenda sem erlenda. Jafnframt komi fram í bréfinu að kanna eigi hvað eina annað sem endurskoðendur félagsins telja ástæðu til að upplýsa stjórn félagsins um.

Guðfinnu er kynnt að í greinargerð endurskoðanda Baugs dags. 17. maí 2002 er lánveitinga til eigenda og stjórnenda og staða á viðskiptareikningum þeirra ekki getið. Hún er spurð hvort hún kunni einhverja skýringu á því.

Guðfinna kveðst ekki kunna neina skýringu á því.

#### Fjárfestingafélagið Gaumur ehf.

Guðfinnu er kynntur kafli 3.1. í greinargerð endurskoðenda RLS varðandi lánveitingar til Fjárfestingafélagsins Gaums ehf. Staða Gaums í bókhaldi Baugs þann 28. ágúst 2002 (við húsleit RLS) var kr. 244.347.997. Skuldin var gerð upp með víxli sem færður var í bókhaldið þann 5. september 2002 en dagsett í bókhaldi Baugs þann 20. maí 2002.

Endurskoðendur RLS hafi skipt lánveitingum til Fjárfestingafélagsins Gaums ehf. í fjóra megin flokka:

Reikningar sem Baugur hefur sent Gaumi - 1998-2001

Beinar lánveitingar/peningagreiðslur – 1999-2001

Lánveitingar vegna hlutabréfakaupa Gaums í Baugi Group hf. - 2001

Útlagður kostnaður Baugs fyrir Gaum - 1999-2001

Guðfinna er spurð hvort hún hafi vitað af þessum lánveitingum.

Guðfinna kveðst ekki hafa vitað af þessum lánveitingum þegar þær áttu sér stað. Hún kveðst ekki vita til þess að stjórnin hafi samþykkt þessar lánveitingar, né vitað af þeim þegar þær áttu sér stað.

J. Þorog

CM  
07243

Guðfinna tekur það fram að hún hafi fyrst fengið upplýsingar um þessar lánveitingar með greinargerð Stefáns Hilmarssonar í maí 2002. Þá hafi stjórnin verið fullvissuð um það að búið væri að semja um fullnaðaruppgjör á þessum skuldum. Guðfinna kveðst hafa talið að þar með væri búið að koma þessu í lagi. Hún kveðst sjálf hafa talið að þær skuldir sem hefðu myndast væru viðskiptalegs eðlis, enda hafi t.a.m. Gaumur ehf tekið þátt í viðskiptum Baugs hf.

Guðfinna er spurð hver hafi tekið ákvarðanir um að veita Gaumi ehf þessi lán.

Guðfinna kveðst ekki vita hver hafi tekið þær ákvarðanir.

Vísað er í greinargerð ytri endurskoðanda Baugs, Stefáns Hilmarssonar, dags. 17. maí 2002 sem fjallað var um á stjórnarfundi Baugs þann 23. maí 2002. Á bls. 1 er tekið fram:

*"Hluthafarnir hafa að peirra sögn samið um fullnaðaruppgjör á skuldum sínum við Baug hf., með sölu á tilteknunum eignum, en skjalafrágangi er ekki lokið."*

Guðfinna er beðin um að gera nánari grein fyrir þessari bókun og því fullnaðaruppgjöri með sölu á eignum, sem vísað er til. Í því sambandi er Guðfinnu bent á að staða Gaums gagnvart Baugi var hin sama (244.3 millj) hinn 28. ágúst 2002 (þegar húsleit var gerð) og vísað er til í greinargerð ytri endurskoðanda Baugs.

Guðfinna vísar í skýringar Jóns Ásgeirs á stjórnarfundi Baugs hf. 23.05.2002, en þar hafi Jón Ásgeir skýrt frá því að allar skuldir væru uppgerðar milli Baugs hf. og Gaums ehf. Þannig hafi stjórn Baugs hf verið upplýst um stöðuna og ekki verið í neinni aðstöðu til að rengja Jón Ásgeir, eða endurskoðandann. Guðfinna tekur fram að aðstoðarforstjóri Baugs hf, sé Tryggvi Jónsson, löggiltur endurskoðandi og mjög virtur sem slíkur. Einnig sé KPMG mjög virt endurskoðunarskrifstofa og kveðst Guðfinna ekki hafa haft nokkra ástæðu til annars en að treysta því sem fyrir stjórnina var lagt og boríð fullt traust til þess að það væri allt satt og rétt.

### Fjárfar ehf.

Guðfinnu er kynntur kafti 3.2 í skýrslu endurskoðenda RLS varðandi lánveitingar til Fjárfars ehf. og undirgögn kaflans.

Fjárfar ehf. hefur fengið lán vegna hlutabréfakaupa í Baugi þann 16. maí 2000 kr. 64.500.000 og þann 13. febrúar 2001 kr. 85.758.591. Þessi lán eru ógreidd.

Skv. bókhaldi Baugs hefur félagið lánað Fjárfari ehf. kr. 50.000.000 dags. 30. júní 2000 vegna kaupa Fjárfars á hlutabréfum í Baugur.net. Þetta lán er síðan bakfært þann 21. febrúar 2002.

Staða Fjárfars ehf. í bókhaldi Baugs hf. þann 28. ágúst 2002 er kr. 168.883.376.

Guðfinna spurð hvort henni eða stjórninni hafi verið kunnugt um þessar lánveitingar til Fjárfars ehf.

Guðfinna kveðst vísa til fyrri svara sinna, sömu skýringar eigi við þessar lánveitingar.

Guðfinna er spurð hvort hún viti hvernig Fjárfar ehf. tengist Baugi hf. eða aðaleigendum Baugs hf.

*S. Mag*

*Chí*  
07224

Guðfinna kveðst ekki vita það nákvæmlega og kveðst ekki geta fullyrt neitt í þeim eftum.

Vísað er í greinargerð ytri endurskoðanda Baugs hf., Stefáns Hilmarssonar, dags. 17. maí á bls. 1 þar sem greint er frá skuld Fjárfars ehf. Þar kemur fram að unnið sé að "uppgjöri á skuld Fjarfars ehf. við Baug hf. með útgáfu skuldabréfs." Guðfinnu er spurð hvort hún geti gert nánari grein fyrir þessu uppgjöri en vakin athygli á því að staða viðskiptareiknings Fjárfars ehf. var óbreytt þann 28. ágúst 2002 þegar húsleit var gerð á starfsstöð Baugs hf.

Guðfinna kveðst ekkert vita um þetta uppgjör, annað en það sem skýrt var út fyrir henni og stjórninni í maí 2000. Það sé stjórnenda félagsins að ganga frá slíkum uppgjörum.

### Kaupþing hf.

Staða viðskiptareiknings Kaupþings hf. í bókhaldi Baugs hf. var kr. 204.066.853 þann 28. ágúst 2002 þegar gerð var húsleit á starfsstöð Baugs og bókhaldskefi félagsins afritað. Kaupþing hf. er einn af stærstu huthöfum í Baugi hf.

Guðfinnu er kynntur hreyfingalisti viðskiptareiknings Kaupþings hf. í bókhaldi Baugs hf. þar sem fyrrgreind staða kemur fram.

Þann 30. júní 1999 seldi Baugur Kaupþingi hlutabréf í Baugi að fjárhæð kr. 330.764.000.

Þann 7. júlí 1999 greiddi Kaupþing Baugi kr. 165.382.000.

Eftir standa því kr. 165.382.000 af hlutafjárkaupin Kaupþings hf. sem lán á viðskiptareikningi félagsins í bókhaldi Baugs hf.

Guðfinna er spurð hvort hér sé um að ræða lánveitingu til Kaupþings hf. til hlutafjárkaupa í Baugi hf.

Guðfinna segir stjórn Baugs hf ekkert hafa komið að þessum viðskiptum við Kaupþing hf og því ekkert vitað um þessar lánveitingar. Guðfinna kveðst vísa í fyrri svör sín varðandi þessar lánveitingar allar.

### Jón Gerald Sullenberger, framkvæmdastjóri Nordica:

Samkvæmt bókhaldi Baugs hf. fékk Jón Gerald lán hjá Baugi vegna hlutabréfakaupa í félaginu kr. 4.350.000. Engir vextir hafa verið reiknaðir á skuldina frá því að hún var fyrst bókuð og engar greiðslur hafa borist frá Jóni Gerald á móti þessari kröfum.

Guðfinna kveðst ekkert vita um þessi viðskipti og ekkert hafi verið fjallað um þær af stjórn Baugs hf. Hún kveðst vísa í fyrri svör sín varðandi aðrar lánveitingar.

Guðfinna er spurð hvort hún hafi einhverju við framburð sinn að bæta.

J. Mag


C. Ní

07275

Guðfinna kveðst nú ekkert fleira hafa um málið að segja, hún hafi skýrt frá öllum málavöxtum eftir bestu getu og hafi engu við framburð sinn að bæta.

Skýrslutöku lauk kl. 11<sup>30</sup>

Staðfest rétt eftir haft:




Guðfinna Bjarnadóttir

Skýrsluna skráði:



Sveinn I. Magnússon

Verjandi Guðfinnu :



Þórður S. Gunnarsson, hrl.

Viðstaddur þegar Guðfinna las yfir skýrsluna,  
játaði efni hennar rétt eftir haft og undirritaði hana: